



Golfklúbbur Ísafjarðar

Reglugerð um holukeppni GÍ

1. gr.

Mótið skal halda árlega og keppt verður opnum flokki. Hámarks leikförgjöf skal vera 36.

2. gr.

Mest 64 keppendur geta skráð sig til leiks. Þegar skráningarfresti lýkur verður dregið um hverjir leika saman.

3. gr.

Aðeins kylfingar með gilda EGA förgjöf hafa keppniserétt í holukeppninni.

4. gr.

Leikmaður ræður af hvaða teig hann leikur og tekur leikförgjöf hans mið af því. Nota skal grunnförgjöf eins og hún er, þegar leikur fer fram við útreikning leikförgjafar, þó með hámarksleikförgjöf skv. 1.gr. Förgjöf nýtist í samræmi við förgjafarröð vallarins. Sé annar leikmaður t.d. með 10 í förgjöf en hinn 18, fær förgjafarhærri leikmaðurinn förgjöf á hinn leikmanninn á holum 1-8 í förgjafarröð.

5. gr.

Í hverri umferð í holukeppninni eru leiknar 18 holur. Leika skal til úrslita í hverjum leik. Ef keppendur standa jafnir eftir 18 holur skal leika bráðabana þar til úrslit fást, eina holu í senn. Um leið og annar keppandinn vinnur holu telst leik lokið. Bráðabaninn er leikinn með fullum förgjafarmun þannig að förgjöf fæst á sömu holum og í 18 holu keppninni, ef það kemur til þess að leikin sé hola í bráðabana þar sem annar keppenda á rétt á förgjöf.

6. gr.

Mótanefnd ákveður lokafresti til að ljúka hverri umferð holukeppninnar og tilkynnir það í mótaskrá og á auglýsingatöflu. Keppendur í holukeppni koma sér saman um hvenær þeir kjósa að leika hverja umferð fyrir þann lokafrest. Geti keppandi ekki leikið, eða mæti hann ekki til leiks á tilskildum tíma hefur hann tapað leik sínum. Mæti hvorugur keppenda til leiks fyrir lokafrest til að ljúka umferð falla þeir báðir úr keppninni. Ef leikmenn geta ekki komið sér saman um leiktíma, geta þeir leitað til mótstjóra um milligöngu.

7. gr.

Sigurvegarar hlýtur titilinn **Holumeistari GÍ**. Titlinum **Holumeistari GÍ** fylgir farandgripur.